

ir af öllum kröfum stefnenda, Ágústs Ágústssonar, Jóns Bjarnars Sigvaldasonar, Sigtryggs Þrastarsonar og Þorbjarnar Datzko.

Stefnendur greiði óskipt stefndum málskostnað kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. janúar 1987.

Nr. 186/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Júliusi Petersen Guðjónssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 16. gr. áfengisлага. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Júliusar Petersen Guðjónssonar, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi er ákærði umboðsmaður fyrir kirsuberjavín það sem í málinu greinir. Hann hefur því fjárhagslega hagsmuni af sölu áfengisins. Telja verður að afhending ákærða á kynningarbæklingum um kirsuberjavínið til veitingahússins Þórscafé ásamt nokkru magni af áfengi þessu, til þess að áfengið yrði veitt gestum veitingahússins án endurgjalds í kynningarskyni og bæklingunum jafnframt dreift meðal þeirra, hafi falið í sér hvatningu til gesta um að kaupa og neyta umræddrar áfengistegundar. Samkvæmt því verður að telja að með háttsemi sinni hafi ákærði auglýst áfengistegund þá sem hann hafði umboð fyrir. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort ákærði áleit að gestir þeir, sem áfengið yrði kynnt með fyrrgreindum hætti, væru allir boðsgestir eða ekki.

Atferli ákærða varðar við 4. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969 svo og 16. gr. reglugerðar nr. 335/1983, um sölu og veitingar áfengis, en í reglugerðarákvæði þessu segir að með auglýsingu sé m.a. átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis.

Refsingu ákærða samkvæmt 33. gr. áfengislaga tel ég að ætti að ákveða 25.000,00 króna sekt í ríkissjóð en í stað sektar komi 10 daga varðhald verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Þá tel ég að dæma beri ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakþóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1986.

Ár 1986, föstudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 146/1986: Ákærvaldið gegn Júlíusi Petersen Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 10. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember sl., á hendur ákærða, „Júlíusi Petersen Guðjónssyni stórkaupmanni, Kvistalandi 19, Reykjavík, fæddum 6. janúar 1934 í Reykjavík, fyrir

áfengislagabrot með því að hafa sem umboðsmaður danskra vínframleiðenda staðið að auglýsingu á dönskum kirsuberjavínnum „Kirsberry, Danish Kirsberry“ á samkomu í veitingahúsinu Þórscafé í Reykjavík þann 27. janúar 1985 með því að láta þar af hendi til dreifingar myndskreyttan bækling fyrir greinda vintegund og marskyns blöndur úr því áfengi og ennfremur látið af hendi til kynningar á áfenginu nokkurt magn af áfenginu, sem veitt var samkomugestum án endurgjalds.

Telst ákærði með framanlýstum hætti hafa brotið gegn banni við áfengis- auglýsingum samkvæmt 4. mgr. 16. gr. áfengisлага nr. 82, 1969 og 16. gr. reglugerðar nr. 335, 1983 um sölu og veitingar áfengis.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 33. gr. áfengisлага, sbr. lög nr. 52, 1978 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. febrúar 1985 fóru 2 eftirlitsmenn með vínveitingahúsum í Reykjavík í veitingahúsið Þórscafé, Brautarholti 20 hér í borg, vegna kæru sem þeim hafði borist frá áfengisvarnarnefnd Reykjavíkur með bréfi dags. 28. janúar 1985. Höfðu eftirlitsmennirnir tal af Kristni Guðmundssyni veitingastjóra, sem kvað að hinn 27. janúar þar á undan hefði farið fram vinkynning í húsinu fyrir boðsgesti og gesti sem höfðu keypt sig inn og hefði kynningin farið fram á neðri hæð hússins á tímabilinu frá kl. 19:00 - 20:00. Hefði kynningin verið á vegum Þórscafé og fyrirtækisins Júlíus P. Guðjónsson. Hefði bæklingum verið dreift á borð og gestir fengið að bragða á víni því, sem kynnt var, en það hefði verið kirsuberjavín. Kvað veitingastjórinn ennfremur að hið auglýsta vín hefði verið til sölu í húsinu. Hefði tilgangur hússins með kynningunni verið sá að fá ókeypiss áfengi fyrir gesti til að bragða, en tilgangur fyrirtækisins að fá auglýsingu.

Ákærði var yfirheyrður hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 1. júlí sl. Ákærði kvaðst vera umboðsmaður fyrir danskt kirsuberjavín sem framleitt er af fyrirtæki sem heitir „Better brands“. Kvað ákærði að leitað hafi verið til hans af veitingahúsinu Þórscafé og spurst fyrir um það hvort ákærði vildi kynna vín þann 27. janúar 1985, en það kvöld var ferðakynning í veitingahúsinu. Ákærði kvaðst hafa orðið við þessari beiðni og lagt til kirsuberjavín sem gestum var boðið upp á ókeypiss. Einnig lagði ákærði til bæklinga sem fylgja málinu, til dreifingar meðal gesta sem hafi verið boðsgestir. Ákærði kvaðst að öðru leyti ekki geta sagt til um hvernig kynningin fór fram þar sem hann hafi ekki verið viðstaddur hana.

Ákærði kom fyrir dóm þann 20. desember sl. Var framburður hans á sama veg og fyrir lögreglu að öðru leyti en því að hann kvaðst engin fyrir- mæli hafa gefið um hvernig dreifa skyldi umræddum bæklingum. Taldi hann að ekki hefði verið um það samkomulag milli hans og veitingastjórans

að bæklingnum yrði dreift á borð veitingahúsgesta, en samkomulag hefði verið um það að veita boðsgestum ofangreinda vintegund ókeypis.

Vitnið Kristinn Guðmundsson veitingastjóri, Engjaseli 17, Reykjavík, var yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 12. júní sl. og var vitnið þá yfirheyrð sem sakborningur.

Vitnið skýrði svo frá að sunnudagskvöldið 27. janúar 1985 hafi verið ferðakynning í Þórscafé. Hafi kynningin farið fram á neðri hæð hússins frá kl. 19:00 til kl. 20:00. Hafi bæði verið í húsinu boðsgestir og gestir, sem keyptu sig inn í húsið. Hafi verið boðið upp á ókeypis drykki, og hafi verið um að ræða vínið Kirsberry. Hafi vínið verið lagt til af umboðsmanni þess, ákærða í máli þessu. Jafnframt kvað vitnið að bæklingum um vínið hafi verið dreift á öll borð gesta.

Vitnið kom fyrir dóm út af máli þessu sama dag og ákærði. Bar vitnið á sama veg og að framan greinir. Vitnið minnti að það hefði farið þess á leit við ákærða að hann léti því í té áfengi til kynningar á umræddri ferðakynningu. Vitnið minnti að það hafi rætt um það við ákærða að vínið yrði eingöngu fyrir boðsgesti. Vitnið kvað ákærða hafa látið veitingahúsinu í té bæklinga þá, sem dreift var á borð veitingahúsgesta. Það mundi ekki hvort ákærði bað um að bæklingunum yrði dreift.

Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 1. ágúst 1985 var samþykkt að máli þessu yrði lokið með dómsátt, enda féllust ákærði og nefndur Kristinn Guðmundsson á að greiða hæfilegar sektir fyrir brot á 16. gr. reglugerðar nr. 335/1983 og 16. gr. áfengislaganna. Var máli Kristins lokið með dómsátt, en ákærði hafnaði því boði, þar sem hann taldi að ekki hefði verið um auglýsinga á nefndri áfengistegund að ræða umrætt sinn.

Niðurstöður:

Í 4. mgr. 16. gr. áfengisлага nr. 82/1969 segir svo: „Áfengisauglýsingar eru bannaðar.“

Í 16. gr. reglugerðar nr. 335/1983 um sölu og veitingar áfengis, sem sett er samkvæmt heimild í áfengislögum nr. 82/1969, segir m.a. að með auglýsingu sé átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis.

Í áfengislögunum er ekki að finna skýrgreiningu á hugtakinu áfengisauglýsing. Í lögunum er heldur ekki vikið að því að hugtakið skuli nánar skilgreint í reglugerð. Í 5. mgr. 16. gr. framangreindrar reglugerðar (sic) segir aðeins að nánari ákvæði skuli setja í reglugerð. Með hliðsjón af þessu og því að með banni á áfengisauglýsingum er ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar um prentfrelsi settar skorður, verður að túlka hugtakið „auglýsing“ í reglugerðinni þröngt, enda á hin rúma skýring hugtaksins ekki stöð í áfengislögum sbr. hæstaréttardóm frá 5. desember sl. í málinu nr. 73/1985.

Háttsemi ákærða var til þess fallin að hvetja gesti veitingahússins til kaupa og neyslu á áfengistegund þeirri sem hann var umboðsmaður fyrir, enda hlaut það að vaka fyrir ákærða sem hafði af því fjárhagslega hagsmuni. Ef litið er til framburðar ákærða og vitnisins Kristins Guðmundssonar þykir hins vegar ekki í ljós leitt að ákærði hafi vitað eða mátt vita að öðrum gestum veitingahússins en boðsgestum yrði veitt áfengið og látinn bæklingurinn í té. Slikur afmarkaður hópur getur að mati dómsins ekki talist almenningur, sbr. framangreint reglugerðarákvæði, en þar er fyrirvari gerður um tilkynningu eða birtingu til almennings. Sá fyrirvari hlýtur einnig að taka til annarra þeirra aðferða sem fallið geta undir hugtakið auglýsing, sé litið til hinnar þröngu lögskýringar á hugtakinu.

Í ljósi þess sem að framan getur lítur dómurinn svo á að ekki hafi verið um áfengisauglýsingu af hálfu ákærða að ræða í merkingu áfengislaga, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gissurar V. Kristjánssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Júlíus Petersen Guðjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gissurar V. Kristjánssonar hdl.